

Smiðjudagar 2011 í Borgarnesi



Smiðjudagar hefjast á föstudaginn og hafa tæplega 150 manns skráð sig til leiks og má því búast við miklu fjöri í Borgarnesi um helgina. Undirbúningur hefur staðið yfir síðustu mánuði og er það von Miðjuhópsins að allir muni hafa gaman af mótinu.

Varðandi brottför

Mæting er í Skátamiðstöðina, Hraunbæ 123 kl. 19 á föstudeginum. Þetta á við þá þátttakendur sem fara með rútunni. Fyrir þá sem ætla að mæta beint í grunnskólann þá bendum við á að skólinn opnar ekki fyrr en rúturnar mæta en gert er ráð fyrir að það sé kl. 21.00.

Varðandi kostnað og greiðslu

Þátttökugjald er kr. 4.500 og innifalið í því gjaldi eru mótsbolur, nafnspjald, ofið mótsmerki, fullt fæði og öll dagskrá.

Rútuferðin kostar kr. 2.000 fram og til baka.

Þeir sem kjósa að gera upp á staðnum verða að hafa með sér reiðufé.

Hægt er að millifæra inná reikning Miðjuhópsins, kt. 601109-1900 – reikningsnr. 0324-13-943 og hvetjum við alla til þess að notfæra sér þann kost.

Senda þarf kvittun á greidsla@smidjudagar.com og setja nafn barnsins sem skýringu.

Góð þátttaka

Þátttaka er afar góð en nú eru tæplega 150 skátar skráðir frá 17 skátafélögum og ljóst er að mikill áhugi er fyrir Smiðjudögum innan skátahreyingarinnar.

Gisting

Þátttakendur munu gista í grunnskóla Borgarness en bæjaryfirvöld hafa verið svo vinsamleg að leggja grunnskólann til sem höfuðstöðvar Smiðjudaga að þessu sinni. Þar munum við einnig hafa aðgang að tölvum sem munu nýtast þátttakendum við þátttöku í JOTA og JOTI.

Nánari upplýsingar og símanúmer

Allar nánari upplýsingar er að finna á vef Smiðjudaga www.smidjudagar.com en eftirtalin símanúmer verða opinber Smiðjudaganúmer núna um helgina:

Smári, mótsstjóri Smiðjudaga: 846 4578

Andri Týr, formaður Miðjuhópsins: 860 1923

Einnig svörum við yfirleitt mjög fljótt tölvupósti á netfanginu smidjudagar@smidjudagar.com

Útbúnaðarlisti á næstu síðu!

Útbúnaðarlisti

Skátabúningur
Sundföt
Snyrtidót (Tannbursti, tannkrem, þvottapoki o.fl)
Svefnpoki
Dýna
Hlý föt
Útiföt
Vettlingar, trefill og húfa
Auka föt til skiptanna
Góðir skór
Hlýir sokkar
Hlý föt
Vasaljós

ATH. Þessi listi er alls ekki tæmandi!

Athugið að engin ábyrgð er tekin á persónulegum munum þátttakenda svo sem fötum, MP3 spilurum, myndavélum eða öðrum raftækjum!

Munið einnig að merkja allan fatnað með nafni barnsins – það einfaldar svo mikið þegar kemur að óskilamunum.

Góða ferð!